

Skólaráðsfundur 5.11.2024

Mættir: Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir (fulltrúi foreldraráðs), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Anna Karen Ágústsdóttir (fulltrúi Krakkalands), Helga (fulltrúi samfélagsins), Anna Sigrún Jónsdóttir (fulltrúi kennara), Emilía Ísis Nökkvadóttir (fulltrúi nemenda), Ólafur B. Thoroddsen (fulltrúi nemenda), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólastjóri) og Brynjar M. Ólafsson (skólastjóri). Fulltrúar nemendaráðsins.

Kynning á skólaráði

Skólastjóri útskýrði hlutverk skólaráðs, fór yfir vinnu og hlutverk þeirra sem sitja fundina.

UNICEF-skóli

Skólastjóri tilkynnti um það að Snælandsskóli fengi endurnýjaða viðurkenningu UNICEF. Snælandsskóli er fyrsti skólinn í Kópavogi sem fær viðurkenningu öðru sinni fyrir skólastarfið, frístund og Igló félagsmiðstöð. Farið var yfir hlutverk réttindaráðs skólans.

Mál tengd skólabyggingu

Skólastjóri fór yfir stöðuna, viðhaldsáætlanir og fl..

Niðurstöður Skólapúlsins

Farið var yfir nokkrar niðurstöður Skólapúlsins, gott er að taka fyrstu niðurstöðum með fyrirvara vegna fjölda þátttakenda.

Barnaþing í Kóp

Farið var yfir niðurstöður síðasta Barnaþings Kópavogsbæjar, þar komu fram,

- ósk um meiri áherslu á list- og verkgreinanám
- ósk um að auka námsferðir
- krafa um bætt aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga
- krafa um aukna aðstoð nemenda sem geta ekki fengið aðstoð heima fyrir
- ósk um fartölvur í stað spjaldtölva
- ósk um styttri skóladag

Okkar skóli

Skólastjóri minntist á verkefnið, Okkar skóli í Kópavogi

- Síðastliðin ár hefur áhersla verið á bætt aðgengi fyrir nemendur á göngum skólans og í fyrra settum við upp klifurvegg við mikla ánægju nemenda.
- Kosning um hvað við gerum í vetur kemur fljótlega.

Önnur mál

- Rætt var um upphaf skólaársins, viku 6 og fl.